

429. fundur velferðarnefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 5. júní 2018 og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Gunnhildur Björk Elíasdóttir formaður, Magnús Þór Bjarnason varaformaður, Hildur Elísabet Pétursdóttir aðalmaður, Steinþór Bragason aðalmaður og Guðjón Már Þorsteinsson aðalmaður.

Embættismenn:

Sædis María Jónatansdóttir, deildarstjóri félagsþjónustu, Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs, Þóra Marý Arnórsdóttir, deildarstjóri fötlunarþjónustu og Dagný Sif Snæbjarnardóttir, ráðgjafi á fjölskyldusviði.

Fundargerð ritaði: Sædis María Jónatansdóttir, deildarstjóri í félagsþjónustu.

Sólveig Guðnadóttir mætti ekki og enginn í hennar stað.

Dagskrá:

1. Trúnaðarmál. - 2011090094

Sjö trúnaðarmál kynnt í velferðarnefnd.

Trúnaðarmálin afgreidd og færð til bókar í trúnaðarmálabók velferðarnefndar.

2. Niðurstöður á högum og líðan barna í Ísafjarðarbæ 2018 - 2018050046

Lögð fram skýrsla um lýðheilsu ungs fólks í Ísafjarðarbæ, með niðurstöðum rannsóknar meðal nemenda í 8., 9. og 10. bekk árið 2018. Margrét Halldórsdóttir sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs kom á fundinn og kynnti niðurstöður skýrslunnar.

Velferðarnefnd þakkar Margréti fyrir kynninguna og reiknar með að í framhaldinu vinni Vá Vest hópurinn með niðurstöðurnar. Velferðarnefnd lýsir yfir áhyggjum af niðurstöðum skýrslunnar er varða fátækt barna.

3. Ársfundur Starfsendurhæfingar Vestfjarða 2018 - 2018040077

Lagður fram ársreikningur og ársskýrsla Starfsendurhæfingar Vestfjarða fyrir árið 2017.

Lagt fram til kynningar.

4. Áfangastaðaáætlun Vestfjarða - 2017110020

Lagður fram tölvupóstur Magneu Garðarsdóttur f.h. Vestfjarðastofu, dagsettur 4. maí sl., þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið fjalli um og samþykki Áfangastaðaáætlun Vestfjarða.

Bæjarráð tók erindið fyrir á 1018. fundi sínum 28. maí sl. og vísaði því til umræðu í öllum nefndum sveitarfélagsins.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:50

Gunnhildur Björk Elíasdóttir

Magnús Þór Bjarnason

Hildur Elísabet Pétursdóttir

Steinþór Bragason

Guðjón Már Þorsteinsson

Sædis María Jónatansdóttir

Margrét Geirsdóttir

Þóra Marý Arnórsdóttir

Dagný Sif Snæbjarnardóttir